

Borgarráð

Samkomulag um breytingar á samningi um hjúkrun í heimahúsum

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag við Sjúkratryggingar Íslands dags. 27. febrúar sl. um breytingar á samningi um hjúkrun í heimahúsum dags. 23. desember 2015. Samningurinn tekur til hjúkrunar sjúkratryggðra einstaklinga sem búa í heimahúsum í Reykjavík og á öðrum skilgreindum þjónustusvæðum. Samkomulagið um breytingar á samningnum er gert í kjölfar ákvörðunar velferðarráðuneytisins um tilflutning þverfaglegs geðhjúkrunarteymis til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samkomulag um breytingar á samningi um hjúkrun í heimahúsum dags. 27. febrúar 2017 ásamt fylgiskjöllum.

19. apríl 2017

Bréfiálykill: 222

Samkomulag

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og Reykjavíkurborg (verksali) gera með sér svofellt samkomulag um breytingar á samningi um hjúkrun í heimahúsum, dags. 23. desember 2015.

Í samræmi við kröfu 78 í kröfulýsingu, dags. 29. desember 2011, sem er fylgiskjal samningsins, hefur verksali starfrækt þverfaglegt geðhjúkrunarteymi. Í kjölfar ákvörðunar velferðarráðuneytisins um tilflutning teymisins til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) eru gerðar eftirfarandi breytingar á samningnum og taka þær gildi frá og með 1. mars 2017:

Greiðslur til verksala skv. gr. 7.1 lækka um 67,89 m.kr. á árinu 2017, sem samsvarar 81,47 m.kr. á ársgrundvelli á verðlagi ársins 2017.

Grein 18.1 verður svohljóðandi:

„Meðfylgjandi kröfulýsing, sjá fylgiskjal I, er hluti samnings þessa þó með eftirfarandi frávikum:

1. Kafli 1.2.5, kröfur 41, 42, 43 og 44. Eignir sem verksali hefur umráð og skilgreindar eru í eignalista eru eignir velferðarráðuneytisins en ekki verkkaupa.
2. Krafa 78 um heimageðhjúkrun: Á ekki við frá og með 1. mars 2017.“

Fylgiskjal II með samningnum: Uppfært fylgiskjal II gildir frá og með 1. mars 2017 og fylgir með samkomulagi þessu.

Fylgiskjal með samkomulagi þessu: Listi yfir búnað sem er í eigu velferðarráðuneytisins skv. gr. 6.2 í samningnum og ráðstafað er til HH við tilflutning teymisins.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra.

Reykjavík, 27. febrúar 2017

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

*Guðlaug Þjórnardóttir
Frjálföringur Þorsteinsson*

Staðfesting heilbrigðisráðherra

[Handwritten signature]

F.h. Reykjavíkurborgar

[Handwritten signature]

Staðfesting borgarstjóra

Staðfesting borgarráðs

Fylgiskjal II: Upplýsingar um hlutfallslegt vægi starfshópa

Hlutfallsleg skipting launakostnaðar starfshópa m.v. heildarlaunakostnað á tímabilinu október 2015 til september 2016, án starfsmanna geðteymis.

Stéttarfélag	Hlutfallslegt vægi
[REDACTED]	[REDACTED]
Sjúkraliðafélag Íslands	59,48%
[REDACTED]	[REDACTED]
Iðjupjálfafélag Íslands	1,63%
[REDACTED]	[REDACTED]
SFR	0,57%
[REDACTED]	[REDACTED]




Fylgiskjal með samkomulagi, dags. 16. desember 2016:

Listi yfir húsbúnað sem er í eigu velferðarráðuneytisins skv. gr. 6.2 í samningsins og ráðstafað er til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við tilflutning geðteymisins, sem hefur í dag aðstöðu að Álfabakka 16, 3. hæð.

Geðteymið hefur aðsetur í 4 herbergjum, notar einnig fundarsalinn sem er til staðar og eldhúsið. Á hæðinni eru einnig tvö salerni.


Herbergi 1; þar er um að ræða 4 starfsstöðvar starfsmanna, sjá betur búnað á myndum:



Hér eru 4 stór skrifborð, 1 lítið skrifborð, 5 skrifborðstólar, 1 stór lyfjaskápur, 2 bókaskápar, 1 tússtafla og 1 korktafla lítil. 4 tölvur og búnaður með þeim, 4 símar, 4 lampar.

Handwritten signatures or initials at the bottom right of the page.

Herbergi 2; þar er um að ræða 3 starfsstöðvar starfsmanna, sjá betur búnað á myndum:



Hér eru 3 stór skrifborð, 1 lítið skrifborð, 3 skrifborðstólar, 3 bókaskápar, 1 lítill bókaskápur, 1 korktafla, 3 tölvur og búnaður með þeim, 3 símar, 3 lampar, 1 prentari, 1 rakatæki.


Herbergi 3: þar er um að ræða 1 starfsstöð starfsmanns og einnig nýtt sem viðtalaherbergi, sjá betur búnað á myndum:



Hér er 1 stórt skrifborð, 1 ambulans (bekkur), 1 lítið borð, 1 skrifborðstóll, 2 hægindastórar, 1 bókaskápar, 1 litill bókaskápur, 1 tússtafla, 1 tölva og búnaður, 1 sími, 2 lampar, 5 stólar með rauð áklæði, 1 hringborð.

37 62


Herbergi 4; þar er um að ræða viðtalsherbergi en ekki starfstöð, sjá betur búnað á myndum:



Hér er 1 lítið skrifborð, 1 lampi, 1 ambulans (bekkur), 1 lítið borð, 1 skrifborðstóll, 1 hægindastóll, 1 tússtafla, 1 hringborð, 5 stólar með svörtu áklæði.

Einnig er geymt í geymslunni inn af herbergi, 1 skrifborð og 3 láir bókaskápar.


Fundarherbergi:



Hér eru 4 borð (sett saman til að mynda fundarborð), 1 bókaskápur, 14 stólar með bláu áklæði, 1 sjónvarp og hjólaborð undir það, einn kollur sem eru legubekkur líka, 1 tölva og fylgihlutir, 1 skjávarpi, tjald á vegg, 1 lítil korktafla.

8 63

Eldhús:



Hér eru 3 hringborð, 8 stólar með bláu áklæði, 1 ísskápur, 1 lítið grill, 1 örbylgjuofn, 1 kaffivél, 1 hitakanna, 1 brauðrist og munaskápar með samtals 45 skápahólf.


Ísskápur fyrir lyf:



Hér er 1 lítill ísskápur til að geyma þau lyf sem þarf að geyma í kæli.

38 67

Salur:



Hér er stór salur sem er nýttist í ýmislegt. Á vegg er 1 stór bæklingarekki, 1 lítil korktafla, 1 skrifborð sem er með 1 prentari f. svart hvítt, 1 prentari fyrir lit, 1 skanni. 1 lítið borð og á því er 1 ljósritunarvél. Biðstofa skjólstæðinga með 1 lítinn sóffa, 2 stóla, 1 lítið borð og 2 bókaskápar.

[Handwritten signatures]

SAMKOMULAG

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, kt. 521005-0760, Álfabakka 16, Reykjavík, annars vegar, hér eftir einnig nefnd HH og velferðarsviðs Reykjavíkurborg /, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, Reykjavík, hér eftir einnig nefnd RVK gera með sér svofellt samkomulag um flutning á starfsemi geðteymis (Geðheilsustöð Breiðholts) frá velferðarsviði yfir til HH.

I. Inngangur.

Þann 23. desember 2015 var undirritaður samningur um hjúkrun í heimahúsum á milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar. Samningur þessi var gerður á grundvelli laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar og tekur til hjúkrunar sjúkratryggðra einstaklinga sem búa í heimahúsum í Reykjavík og á öðrum skilgreindum þjónustusvæðum. Samningur þessi er fylgiskjal með samkomulagi þessu, sbr. fylgiskjal I.

Með bréfi velferðarráðuneytisins til HH, dags. 19. júlí 2016 var nánar fjallað um flutning á hluta verkefna, sem um ræðir í áðurnefndum samningi RVK og Sjúkratrygginga Íslands, sbr. fylgiskjal II með samkomulagi þessu. Þar segir m.a. um flutning geðteymis frá RVK til HH:

“Velferðarráðuneytið fellst á flutning starfseminnar og óskar eftir að Reykjavíkurborg og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins staðfesti að aðilar hafi komist að sameiginlegri niðurstöðu um fyrirkomulag og kostnað við starfsemina, í samræmi við kröfulýsingu og áherslur samnings um hjúkrun í heimahúsum milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar frá 23. desember 2015. Þegar það liggur fyrir mun ráðuneytið fela Sjúkratryggingum Íslands að gera viðeigandi breytingar varðandi flutning fjármagns til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins”.

Með gerð samkomulags þessa staðfesta HH og RVK sameiginlega niðurstöðu þeirra í milli um fyrirkomulag og kostnað við starfsemina í tengslum við flutning hennar.

II. Um forsendur samkomulags.

Með samkomulagi þessu fylgir samningur Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar, dags. 23. desember 2015. Við flutning geðteymis samkvæmt því sem að framan greinir skuldbindur HH sig til þess að efna og virða kvaðir og skyldur sem RVK bar að gera samkvæmt áðurnefndum samningi að því er umrædd verkefni varðar. Um starfsemi þá, sem um ræðir, er fjallað um í kröfulýsingu frá 29. desember 2011, sem vísað er til í áðurnefndum samningi Sjúkratrygginga Íslands og RVK, en þar segir m.a. í ákvæði gr. 78:

*“Heimageðhjúkrun.
Verksali skal starfrækja þverfaglegt geðhjúkrunarteymi sem sérhæfir sig í að sinna geðhjúkrun sjúklunga. Þessi þjónusta skal a.m.k. starfrækt á tímabilinu frá klukkan 8:00 til klukkan 20:00 alla virka daga. Teymið tekur að sér geðhjúkrun sjúklings eða tekur tímabundið að sér alla heimahjúkrun hans. Í teyminu skal m.a. starfa einn eða fleiri hjúkrunarfræðingar með sérhæfingu í geðhjúkrun”.*



Skal HH uppfylla kröfulýsingu að því er varðar starfsemi geðhjúkrunarteymis og umfang starfsemi þess samkvæmt áðurnefndum samningi og mun á samningstímanum starfrækja geðteymið með hliðstæðum hætti og velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur gert (sjá viðauka III) innan þeirra fjárveitinga sem ætlaðar eru til starfseminnar (sjá viðauka I).

HH skal fylgja lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem í gildi eru hverju sinni og snerta starfsemi sem hér er samið um.

Við yfirlýsingu á starfseminni frá RVK til HH mun taka til starfa samráðshópur (sjá viðauka II). Er þessum hópi ætlað að fylgja eftir flutningi starfseminnar ásamt því að fylgja eftir stefnu stjórnvalda varðandi framtíðarskipulag samfélagsgeðþjónustu.

III. Um starfsmannamál.

Við flutning á starfsemi frá RVK til HH eru starfsmenn geðhjúkrunarteymis eftirfarandi:

	Starfsheiti	Starfshlutfall	Samningur
A	Hjúkrunarfræðingur	100%	Ríkissamningur
B	Hjúkrunarfræðingur	90%	Ríkissamningur
C	Hjúkrunarfræðingur	50%	Reykjavíkurborgarsamningur
D	Sjúkraliði	100%	Ríkissamningur
E	Sjúkraliði	100%	Reykjavíkurborgarsamningur
F	Sálfræðingur*	100%	Reykjavíkurborgarsamningur
G	Iðjubjálfi N.N.	100%	Reykjavíkurborgarsamningur
H	Geðlæknir	Ca.40%	Samningur við LSH um kaup á ca.40 % stöðu

*Sálfræðingur flyst ekki yfir og verður áfram starfsmaður RVK.

Á árinu 2009 var gert samkomulag á milli íslenska ríkisins og RVK sem efnislega fól í sér að velferðarsvið RVK annaðist starfsemi geðhjúkrunarteymis sem um ræðir. Að því er réttindi og skyldur starfsmanna varðaði var um það vísað til ákvæðis til bráðabirgða með lögum nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu. Umrætt ákvæði kveður svo á um að á meðan tímabundnir samningar, sbr. 28. gr. laganna, við sveitarfélög um rekstur heilbrigðisþjónustu gilda teljist hlutaðeigandi starfsmenn heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu og eru í starfi þegar samningarnir taka gildi vera í þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Í slíkum samningum er ráðherra heimilt að framselja viðkomandi sveitarfélagi allar þær valdheimildir sem forstjórar heilbrigðisstofnana fara með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt segir í sama ákvæði að engar formbreytingar verði á ráðningarstöðu starfsmanna, þeir verði áfram ríkisstarfsmenn og um laun þeirra og önnur starfskjör fari eftir sömu kjarasamningum og fyrr. Nýir starfsmenn sem ráðnir verða vegna sömu verkefna skyldu ráðnir sem starfsmenn viðkomandi sveitarfélags.

Í samræmi við framanritað hafa þeir starfsmenn geðhjúkrunarteymis, sem voru í starfi við gerð áðurnefnds samnings milli ríkisins og RVK og eru enn í starfi nú, talist starfsmenn ríkisins en nýir starfsmenn verið ráðnir til RVK. Við yfirlýsingu á starfsemi geðhjúkrunarteymis nú frá RVK til HH verður annars vegar á því byggt að framsal á valdheimildum sem forstjórar fara með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem um ræðir hér að framan, færast frá RVK

og yfir til HH og hins vegar að HH yfirtaki ráðningarsamninga þeirra starfsmanna geðhjúkrunarteymis, sem ráðnir hafa verið til Reykjavíkurborgar. Um tilfærslu þá, sem að framan greinir, skal fara samkvæmt lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á og að teknu tilliti til réttarstöðu þeirra.

Að því er hugsanlegar skaðabótakröfur varðar skal áréttað að ábyrgð HH takmarkast við skaðatilvik sem kunna að verða eftir 1. mars 2017 en Reykjavíkurborg skal bera ábyrgð á skaðatilvikum sem kunna að hafa átt sér stað fyrir það tímamark og frá því að þjónustusamningur tók gildi milli aðila. Vísast hér til yfirlýsingar Reykjavíkurborgar vegna trygginga þeirra starfsmanna er málið varðar annars vegar dags. 22.12.2008 og hins vegar dags. 16. desember 2011 sbr. fylgiskjal IV.

IV. Um fjármál

Að því er hina fjárhagslegu hlið samkomulags þessa varðar hafa HH og RVK komist að sameiginlegri niðurstöðu um að HH fái 81,47 millj. kr. framlag fyrir heilt ár á verðlagi ársins 2017. Upphæðin breytist árlega í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga.

HH og RVK staðfesta með gerð samkomulags þessa tilmæli til velferðarráðuneytisins um að Sjúkratryggingum Íslands verði falið að ráðstafa framlagi til RVK samkvæmt samningi frá 23. desember 2015 til HH, fyrrgreindri fjárhæð, sbr. umfjöllun hér að framan. Verður framlagið hluti af fjárlagagrunni HH.

V. Um gildistíma o.fl.

Samkomulag þetta öðlast gildi frá 1. mars 2017 að telja.

Um samkomulag þetta gilda ákvæði íslenskra laga.

Mál sem rísa kunna vegna brots á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Með samkomulagi þessu eru fjögur fylgiskjöl; samningur um hjúkrun í heimahúsum milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar, dags. 23. desember 2015, merkt fylgiskjal I og bréf velferðarráðuneytisins til HH, dags. 19. júlí 2016, merkt fylgiskjal II. Ennfremur lýsing og myndir af húsbúnaði sem fylgir starfseminni, merkt fylgiskjal III. og yfirlýsingar Reykjavíkurborgar vegna trygginga, merkt fylgiskjal IV. Þá fylgir í viðauka kostnaðaráætlun HH fyrir starfsemi geðteymis með viðbótarkostnaðarþáttum, merkt viðauki I, erindisbréf samráðshóps, merkt viðauki II, og lýsing á starfsemi geðteymis hjá velferðarsviði RVK, merkt viðauki III.


Samkomulag þetta er gert í þremur samhljóða eintökum og fær hver eftirtalinna aðila eitt eintak; RVK, HH og velferðarráðuneytið.



Reykjavík, 27. febrúar 2017

f.h. Reykjavíkurborgar
v/velferðarsviðs

f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins


Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri


Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri

Áritun velferðarráðuneytisins



Bókun:

Samhliða undirritun samkomulags þessa verður undirritað samkomulag milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar þar sem kveðið er á um breytingar á greiðslum til Reykjavíkurborgar og skyldum hennar vegna tilflutnings geðteymis frá og með 1. mars 2017. Greiðslur til Reykjavíkurborgar lækka um 67,89 m.kr. á árinu 2017, sem svarar til 81,47 m.kr. á ársgrundvelli á verðlagi ársins 2017 og mun sú fjárhæð flytjast til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í samræmi við fyrirmæli velferðarráðuneytisins í bréf til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, dags. 19. júlí 2016.

Samningur um hjúkrun í heimahúsum

milli Sjúkrtrygginga Íslands (hér eftir nefndar SÍ), kt. 650309-0220 og Reykjavíkurborgar (hér eftir nefndur verksali), kt. 530269-7609.

1. Glöðsluvið

- 1.1 Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkrtryggingar og tekur til hjúkrunar sjúkrtryggðra einstaklinga sem búa í heimahúsum í Reykjavík og á öðrum skilgreindum þjónustusvæðum.

2. Samningsgögn

- 2.1 Eftirtalin fylgiskjöl eru hluti samnings þessa. Komi upp misræmi milli gagna skal það ganga framfar sem gerir ríkari kröfur á hendur verksala.
- I. Kröfufýsing fyrir heimahjúkrun í Reykjavík, útgáfa 2, dagsett 29.12.2011, sbr. þó 19. gr. samnings þessa.
 - II. Upplýsingar um hlutfallslegt vægi starfshópa, dags. 30. september 2014.
 - III. Yfirlit yfir þjónustu heimahjúkrun Reykjavíkurborgar.
 - IV. Viðauki um heimahjúkrun utan Reykjavíkur.
 - V. Yfirlýsing frá Reykjavíkurborg um tryggingar, dags. 1. desember 2014.


3. Markmið

- 3.1 Markmið samningsins eru eftirfarandi:

Markmið I:

Að hlutfall 80 ára einstaklinga og eldri sem búa heima lækki ekki á samningstímanum. Þann 1. desember 2014 var fjöldi þeirra sem skráðir voru til heimilis í Reykjavík og voru 80 ára og eldri alla 4.796. Af þeim bjuggu 83,57% heima og 16,43% í dvalar- eða hjúkrunarrými. (Upplýsingar fengnar hjá Hagstofu Íslands og í leguskrá Tryggingastofnunar ríkisins), sjá nánar eftirfarandi töflu.

	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi sem býr í dvalar- eða hjúkrunarrými	820	809	764	773	788
Hlutfall sem býr heima	82,80%	83,28%	84,1%	84%	83,57%

Handwritten signatures and initials, including a large signature on the left, initials '6' and 'SE' in the middle, and another signature on the right.

Markmið II:

Að 90% einstaklinga 80 ára og eldri, sem eru í viðvarandi þjónustu, séu með RAI-HC mat skv. reglubundinni úttekt verksala.

- 3.2 Við framkvæmd samningsins skal verksali leita leiða til að ná fram markmiðum hans með hagkvæmum og skilvirkum hætti og tryggja að þjónusta við notendur sé ávallt í fyrirrúmi og uppfylli ákveðnar gæðakröfur skv. kröfulýsingu, sbr. fylgiskjal I.
- 3.3 Samningsaðilar skulu setja saman áætlun sem hefur að geyma árangursmarkmið og skilgreindar aðgerðir til að ná þeim, skv. kafla 1.1.1 í kröfulýsingu, sbr. fylgiskjal I, og fylgja aðgerðum eftir með árlegri skoðun á árangri.

4. Verkefni

- 4.1 Með samningi þessum tekur verksali að sér það verkefni að reka heimahjúkrun innan þjónustueininga Velferðarsviðs Reykjavíkur, skv. nánari skilgreiningu í kröfulýsingu, sbr. fylgiskjal I. Þjónustan skal sameinuð með rekstri félagslegrar heimahjúkrunar í Reykjavík í þjónustukerfi sem myndar samhæfða heild gagnvart notanda. Tilgangurinn er að gera íbúum kleift að búa heima þrátt fyrir veikindi og skerta getu til daglegra athafna og ná þannig fram betri nýtingu fjármuna og mannafla og betri og meiri þjónustu við íbúa í Reykjavík.
- 4.2 Verksala er heimilt, að undangengnu skriflegu samþykki Sí að breyta rekstrartilhögun og fyrirkomulagi ofangreindrar starfsemi og þjónustu, enda leiði það til aukinnar og bættrar þjónustu við íbúana og/eða hagræðingar í rekstri án þess að skerða þjónustu við íbúana.

5. Umfang og þjónustusvæði

- 5.1 Verkefnið felur í sér eftirfarandi:
- I. Reykjavík: Rekstur heimahjúkrunar allan sólarhringinn alla daga ársins. Verksali fer með yfirstjórn heimahjúkrunar á þessu svæði.
- II. Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Sjá fylgiskjal IV.
- 5.2 Heimahjúkrun fá þeir einstaklingar sem búsettir eru í framangreindum sveitarfélögum, sbr. gr. 5.1, eða dvelja um lengri eða skemmri tíma í heimahúsi innan þeirra, t.d. í tengslum við dvöl á sjúkrahúsi eða endurhæfingu, og þurfa á heimahjúkrun að halda að mati hjúkrunarfræðings að undangenginni beiðni.
- 5.3 Verksali skal uppfylla kröfur sem fram koma í kröfulýsingu, sbr. fylgiskjal I með samningi þessum, nema óviðráðanleg ytri atvik hamli. Þó skal verksali hafa svigrúm til að vinna að úrbótum vegna framkominna frávíka og athugasemda í úttektum.

[Handwritten signatures and initials: "G", "SE", "KPH", "E", "GJ"]

6. Húsnæði og búnaður

6.1 Húsnæði:

Við undirritun samnings fer starfsemi heimahjúkrunar fram á eftirtöldum stöðum:

- Heimahjónusta Reykjavíkur, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Miðstöð og skrifstofur heimahjúkrunar ásamt félagslegri kvöld- og helgarþjónustu fyrir vesturhluta Reykjavíkur. Í byrjun árs 2016 flytur starfsemin í húsnæði sem tilheyrir þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarði. Samþætt heimahjónusta, bæði félagsleg heimahjónusta og heimahjúkrun, verður fyrir íbúa vesturbæjar, Hlíða, miðborgar og fyrir heimahjúkrun á Seltjarnarnesi.
- Starfsstaða heimahjónustu, Sléttuvegi 7, 103 Reykjavík. Samþætt heimahjónusta, bæði félagsleg heimahjónusta, stuðningahjónusta og heimahjúkrun, fyrir fatlaða einstaklinga búsetta á Sléttuvegi 3, 7 og 9, 103 Reykjavík.
- Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1, 103 Reykjavík. Samþætt heimahjónusta, bæði félagsleg heimahjónusta og heimahjúkrun fyrir íbúa Laugardals og Háaleitis.
- Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Hraunbæ 119, 110 Reykjavík. Samþætt heimahjónusta, bæði félagsleg heimahjónusta og heimahjúkrun fyrir íbúa í Árbæ, Grafarholti, Grafarvogi, og Breiðholti.

6.2 Búnaður:


Heilbrigðisráðuneytið, nú velferðarráðuneytið (VEL), hefur lagt verksala til húsbúnað og annan nauðsynlegan búnað heimahjúkrunar án endurgjalds. Búnaðurinn er í eigu VEL en verksali ber ábyrgð á umhirðu, viðhaldi og endurnýjun búnaðarins. Í lok samningstímans eða við lok samningsins af öðrum ástæðum, verður búnaðurinn allur eign VEL. Ráðstöfun búnaðar sem VEL lætur í té, utan eðlilegs viðhalds, er aðeins heimil að fengnu skriflegu samþykki VEL. Við móttöku VEL á búnaðinum hvort heldur það verður í lok samningstíma eða við lok samningsins af öðrum ástæðum skal fara fram úttekt á búnaðinum. Verksali skal halda eignalista yfir húsbúnað og annan búnað heimahjúkrunar sem fellur undir grein þessa.


- 6.3 Greiðslur SÍ til verksala í gr. 7.1 skulu standa straum af kostnaði við þær skyldur sem verksali tekst á hendur skv. gr. 5.2.

7. Greiðslur til verksala

- 7.1 Til að standa undir þjónustu og kröfum sem samningur þessi tekur til greiða SÍ mánaðarlega 1/12 af fjárveitingu til verkefnisins skv. fjárlögum hvers árs. Í frumvarpi til fjárlaga 2016 eru ætlaðar til verkefnisins 1.283,4 m.kr. eða 106,95 m.kr. á mánuði.

Í forsendum fjárlaga 2016 er fjárveiting til verkefnisins skert um 11 m.kr. vegna leigu á húsnæði að Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Komi til þess að nýir leigjendur

 SE





féist í húsnæðið á gildistíma samnings þessa mun skerðing þessi verða tekin til endurskoðunar.

- 7.2 Mánaðarleg samningsfjárhæð í gr. 7.1 skal greidd fyrirfram fyrsta virka dag hvers mánaðar, gegn framvísun reiknings. Reikningur skal hafa borist SÍ í síðasta lagi 15. dag næsta mánaðar á undan.
- 7.3 Fjárhæðin í gr. 7.1 tekur bæði til þeirrar þjónustu sem verksali skal inna af hendi í Reykjavík og í öðrum sveitarfélögum skv. gr. 5.1. Segi verksali upp þjónustu í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík skerðast þessar greiðslur í samræmi við magn þjónustunnar, sbr. fylgiskjal IV. Greiðslur skerðast frá og með þeim degi sem verksali hættir þjónustunni.
- 7.4 Greiðslur SÍ samkvæmt gr. 7.1 miðast við að verksali beri fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisþjöldum vegna starfsmanna sinna, starfatengdum kostnaði eins og t.d. launum staðgengla vegna lengri veikinda, námsleyfa og námskostnaðar, svo og hugsanlegum skaðabótakröfum.
- 7.5 Fjárhæð í gr. 7.1 er á meðalverðlagi ársins 2016. Hún breytist árlega (1. janúar) í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárlaga hvers árs. Af heildarframlagi ríkisins er miðað við að 81% sé vegna launakostnaðar og 19% sé framlag vegna annars kostnaðar. Framlag vegna launakostnaðar skal taka breytingum sem taka mið annars vegar af hlutfallslegu vægi starfshópa samkvæmt fylgiskjali II og hins vegar af samningsbundnum launahækkunum sem samið er um í kjarasamningum við stéttarfélög viðkomandi starfshópa í heimahjúkrun. Framlag vegna annars rekstrarkostnaðar skal breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar.

8. Starfsmannamál

- 8.1 Þeir starfsmenn sem störfuðu áður hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og fluttu með starfsemi heimahjúkrunar til verksala skv. þjónustusamningi, dags. 30. desember 2008 um heimahjúkrun í Reykjavík, verða áfram starfsmenn ríkisins í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, nema að þeir kjósi annað. Þeir halda réttindum sínum og skyldum samkvæmt lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og kjörum sínum samkvæmt kjarasamningum milli stéttarfélaga þeirra og ríkisins og stofnanasamningum milli stéttarfélaga þeirra og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.
- 8.2 Með samningi, dags. 30. desember 2008 um heimahjúkrun í Reykjavík framseldi heilbrigðisráðherra til Reykjavíkurborgar allar þær valdheimildir sem forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fór með samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og varðaði þá starfsmenn sem fluttust með starfsemi Miðstöðvar heimahjúkrunar samkvæmt gr. 8.1, s.s. ákvæði um uppsögn, áminningu, tilflutning í starfi, yfirvinnu og fleira.
- 8.3 Ríkisstarfsmenn sem færðust á milli aðila með þjónustusamningi, dags. 30. desember 2008 um heimahjúkrun í Reykjavík áttu rétt á því að halda óbreyttri aðild að lífeyrissjóðum á samningstímanum. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar umfram iðgjöld á samningstímanum vegna þeirra starfsmanna sem greiða iðgjöld í B-deild

 G
SE

 SJ

Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Ríkissjóður ábyrgist lífeyrisskuldbindingar skv. lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og lögum nr. 2/1997 um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga vegna þeirra ríkisstarfsmanna sem flytjast tímabundið til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings þessa.

- 8.4 Nýir starfsmenn sem ráðnir verða til verkefnisins verða starfsmenn verksala og eiga aðild að stéttarfélögum starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga eða í undantekningartilvikum A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

9. Eftirlit

- 9.1 Sí hafa eftirlit með framkvæmd samnings þessa og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónusta samkvæmt honum er veitt og kalla eftir skýringum og upplýsingum sem hann telur þörf á hverju sinni. Sí geta falið utanaðkomandi aðila að kanna hvort verksali uppfylli skilyrði samningsins með sérstakri úttekt fyrir Sí á þjónustu verksala skv. kafla 1.5 í kröfufýsingu, sbr. fylgiskjali I.
- 9.2 Landlæknir hefur faglegt eftirlit með störfum verksala og gæðum þjónustu hans, sbr. lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, lög nr. 41/2007 um landlækni m. síðari breytingum og reglugerð nr. 786/2007 um eftirlit landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur.
- 9.3 Ríkisendurskoðun getur framkvæmt fjárhags- og stjórnsýsluendurskoðun á samningnum samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og lögum nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

10. Endurskoðun


- 10.1 Verksali skal fylgja lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem eru í gildi hverju sinni. Skylt er að taka tillit til kostnaðarbreytinga sem stafa af breyttum lagareglum, stjórnvaldsfyrirmælum, stjórnvaldsákvörðunum og ákvörðunum dómstóla sem verksala verður ekki um kennt enda séu breytingarnar ekki bættar í verðleiðréttingum. Bæði verksali og Sí geta farið fram á breytingar á greiðslum vegna þessara atriða. Sá aðili sem fer fram á breytinguna skal leggja fram skriflega, rökstudda greinargerð um málið.
- 10.2 Telji samningsaðilar að forsendur samningsins hafi breyst verulega skulu þeir taka upp viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum hans eða kröfum. Allar breytingar skulu aðilar gera skriflega.

11. Ábyrgð

- 11.1 Verksali ber alla ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með talið verkum undirverktaka og auk þess því tjóni er Sí eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.



Handwritten signature and initials, possibly 'SE'.



Handwritten signature.

- 11.2 Verksali skal hafa allar skyldutryggingar sem lög, reglugerðir og kjarasamningar kveða á um, þ.á.m. sjúklingatryggingu skv. lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og reglugerð nr. 763/2000 um váttryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu. Verksali ber sjálfur kostnað af tjóni sem hann tryggir sig ekki gegn, sbr. yfirlýsingu frá Reykjavíkurborg um tryggingar í fylgiskjali V.
- 11.3 Verksali framfylgir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 50/1996 og almennum reglum stjórnarsýsluréttar vegna þeirrar stjórnarsýslu sem honum er falið að annast og er hluti þeirrar þjónustu sem hann veitir samkvæmt samningnum.

12. Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir


- 12.1 Verksali skal afla samþykkis SÍ til hvers konar óvenjulegra fjárhagslegra ráðstafana í tengslum við samninginn sem áhrif geta haft á þjónustu við íbúana og ekki verða leiddar beint af samningnum eða fara í bága við hann.
- 12.2 Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og nr. 145/1994, um bókhald.
- 12.3 Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna starfsemi og þjónustu samkvæmt samningi þessum aðgreindum frá öðru bókhaldi og eignum verksala.

13. Samskipti

- 13.1 Samningsaðilar skulu hvor um sig tilnefna tvo fulltrúa sem sjá munu um samskipti vegna samningsins. Í lok apríl á hverju ári, og oftár ef þörf krefur, skulu fulltrúarnir standa fyrir samráðsfundum SÍ og verksala þar sem lagt er mat á framvindu samningsins, rekstur verkefnisins og árangurinn sem náðst hefur, sbr. gr. 3.3. SÍ skal boða árlegan fund í apríl. Komi til endurskoðunar fer hún samkvæmt gr. 10.2.

14. Vanefndir

- 14.1 Verksali skal í einu og öllu rækja samningskyldur sínar í samræmi við ákvæði samnings. Telja SÍ framkvæmd samnings, í heild eða að hluta, ábótavant (vanefnd) eða feli niðurstaða eftirlits hans skv. gr. 14.1 í sér að verksali uppfylli ekki samningskyldur sínar, þrátt fyrir að hafa fengið hæfilegan frest til úrbóta, skulu SÍ gera verksala viðvart skriflega um það. Ber verksala þá tafarlaust að ráðast í úrbætur sem SÍ telja fullnægjandi. Sé það eigi gert er SÍ heimilt að skerða greiðslur skv. 7. gr. eða fresta þeim þar til úrbætur hafa sammanlega verið gerðar. Verksali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.
- 14.2 Verði um verulegar eða ítrekaðar vanefndir af hálfu verksala að ræða geta SÍ sagt upp samningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg.
- 14.3 Hafi SÍ sagt upp samningnum við verksala vegna vanefnda geta SÍ krafist hann um bætur vegna þess kostnaðarauka er kann að leiða af uppsögninni. Um bætur vegna annars tjóns fer eftir almennum skaðabótareglum.

 SE



14.4 Verði um verulegar eða ítrekaðar vanefndir af hálfu SÍ að ræða getur verksali sagt upp samningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg.

14.5 Hafi verksali sagt upp samningnum við SÍ vegna vanefnda getur verksali krafð SÍ um bætur vegna þess kostnaðarauka er kann að leiða af uppsögninni. Um bætur vegna annars tjóns fer eftir almennum skaðabótareglum.

15. Réttarfar

15.1 Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

16. Framsal réttinda

16.1 Verksala er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum nema með skriflegu leyfi SÍ.

17. Undirverktakar

17.1 Verksala er heimilt að semja við undirverktaka um að annast tiltekin verk í heimahjúkrun á þann hátt sem fram kemur í kröfúlýsingu, sbr. fylgiskjal I. Um ábyrgð fer samkvæmt gr. 11.1.

18. Kröfúlýsing

18.1 Meðfylgjandi kröfúlýsing, sjá fylgiskjal I, er hluti samnings þessa þó með eftirfarandi frávikum:


Kaflar 1.2.5, kröfur 41, 42, 43 og 44. Eignir sem verksali hefur umráð og skilgreindar eru í eignalista eru eignir Velferðarráðuneytisins en ekki verkkaupa.


19. Samningstími

19.1 Samningur þessi er gerður í framhaldi af samningi dags. 9. mars 2012 um heimahjúkrun í Reykjavík. Hann er gerður til fjögurra ára og gildir frá og með 1. janúar 2016 til og með 31. desember 2019. Hann öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra annars vegar og borgarstjóra og borgarstjórn Reykjavíkur hins vegar. SÍ og verksali geta þó hvor um sig hvenær sem er á samningstímanum sagt samningnum upp skriflega með níu mánaða fyrirvara. Ef samningsaðilar kjósa að halda áfram samstarfi eftir að samningstíma lýkur skulu viðræður hefjast 9 mánuðum áður en samningstíma lýkur.

19.2 Ef samningnum er sagt upp hefst verklokaáætlun og viðakilið og að níu mánuðum liðnum frá uppsögn er verksali laus undan öllum skyldum samkvæmt þjónustusamningi þessum.

19.3 Einu ári áður en samningstíma lýkur, fyrir 1. janúar 2019, skal SÍ gera sérstaka úttekt á framkvæmd samningsins þar sem metið er hvernig til hafi tekist á


GE
SE


SJ

samningstímanum. Slík úttekt skal lögð til grundvallar þegar tekin er ákvörðun um framhald samningsins og lagt er mat á hvort breytinga er þörf til eflingar á þjónustu heim. Jafnframt skal meðal annars lagt mat á fjármögnun, skipulag þjónustunnar, útfærslu tæknilausna, tilhögun starfsmannamála og önnur þjónustuúrræði sem styrkja fólk í að búa heima.

20. Fyrirvarar


- 20.1 Fjárhæðir í gr. 7 eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunna að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til í sama mæli og í rekstri sambærilegra verkefna taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga.
- 20.2 Leiði ákvörðun ráðherra eða Alþingis til breytinga á forsendum samnings þessa s.s. varðandi fjármögnun eða kröfur um umfang þjónustu eða gæði hennar, áskilur verksali sér rétt til uppsagnar á samningum miðað við gildistöku ofangreindra ákvarðana.
- 20.3 Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.
- 20.4 Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um staðfestingu borgarstjórnar Reykjavíkur.


Reykjavík 23. desember 2015



F.h. Sjúkratrygginga Íslands


F.h. Reykjavíkurborgar


Staðfesting heilbrigðisráðherra


Staðfesting borgarstjóra

Staðfesting fjármála- og efnahagsráðherra

Staðfesting borgarstjórnar

